

1. fundur Betadeildar starfsárið 2021 – 2022 haldinn á Múlabergi þann 18. september 2021 kl. 11:00

Mættar voru 15 konur.

1. Setning fundar

Hildur formaður setti fund og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Hildur flutti kveðjur frá fjarstöddum konum en á meðal þeirra er Sigríður Magnúsdóttir sem fagnar fimmtugsafmæli.

2. Orð til umhugsunar

Margrét Jónsdóttir flutti orð til umhugsunar og fjallaði um tengsl sín við íslenska náttúru, áhrif þess að dvelja í henni á sál og líkama og hvernig náttúran kemur endalaust á óvart, ekki síst í hinu smáa.

3. Fundargerð

Elín las fundargerð síðasta fundar sem var samþykkt.

4. Inntaka félaga

Ein ný kona var tekin inn í deildina, Laufey Petrea Magnúsdóttir. Var hún boðin hjartanlega velkomin með góðum óskum.

5. Borðhald, pyngjan og happdrætti

Gert var hlé á formlegum fundarstörfum meðan á borðhaldi stóð. Á meðan gekk pyngjan góða milli kvenna og dregið var í happdrættinu. Það var Rósa sem hneppti vinninginn að þessu sinni.

6. Erindi frá stjórn

- Hildur sagði frá framkvæmdaráðsfundi sem haldinn var 3. september með fjarfundarsniði. Þar var m.a. tekin ákvörðun um að fella niður haustþing en gera ráð fyrir vorþingi í þeirri von að aðstæður hamli ekki slíkri samkomu. Rætt var um að þingið verði einn dag og haldið á höfuðborgarsvæðinu. Einnig sagði Hildur frá umræðu um mikilvægi þess að félagskonur deili með sér verkefnum og ábyrgð sem og að bjóða konum annarra deilda á fundi og að sækja fundi annarra deilda.
- Einkunnarorð komandi starfsárs voru til umræðu á framkvæmdaráðsfundi og þar kom fram hugmyndin: Lærum og leiðum. Hildur lagði áherslu á að Betadeild veldi sér áherslur út frá því og bað konur að koma með hugmyndir að einkunnarorðum deildarinnar.

7. Önnur mál

- Lilja kvaddi sér hljóðs og sagði frá meðferð sem lægi fyrir hjá sér vegna greiningar á krabbameini. Hún sagðist hafa velt fyrir sér að taka frí frá félagsstarfinu en fallið frá þeirra hugmynd og ákveðið að góður félagsskapur væri fremur styrkjandi í slíkum aðstæðum. Konur þökkðu henni fyrir að láta vita og óskuðu velfarnaðar.
- María nefndi hvort hægt væri að hugsa söfnun í pyngjuna upp á nýtt og að lagt væri inn á reikning.
- Hildur bað um orðið í tilefni sextugsafmælisdags Hugrúnar sem reyndar var 30. janúar síðast liðinn en hún átti eftir að nefna nokkra viðburði sem áttu sér stað á fæðingardegi Hugrúnar, þá gengu síldveiðar bærilega og Kardimommubærinn var á fjölunum.

8. Fundarslit

Í lok fundar minntist Hildur Vilborgar Dagbjartsdóttur rithöfundar, kennara og félagskonu í DKG sem lést þann 16. september og flutti ljóð eftir Vilborgu. Hildur sleit formlegum fundi og Laufey slökkti á kertunum kl. 13:00.

Fundargerð ritaði Elín E. Magnúsdóttir